

Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, fimmtudaginn 27. nóvember kl 8.30. Haldinn með aðstoð Lync fjarfundabúnaðar.

Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður, Baldur Smári Einarsson, Daníel Jakobsson, Ingibjörg Emilsdóttir og Sigurður Hreinsson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

1. Fundargerð stjórnarfundar 18. nóvember 2014.
Lögð fram fundargerð stjórnarfundar frá 18. nóvember til staðfestingar en fundargerð hefur áður verið send út í tölvupósti. Fundargerð staðfest.
2. Sóknaráætlun landshluta
 - a. Drög að samningi um sóknaráætlun landshluta 2015-2019
Kynnt efni tölvupóst frá verkefnastjóra stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál, frá 21. nóvember s.l.. Hér leggur stýrihópurinn fram drög að samningi um sóknaráætlun landshluta 2015-2019 milli landshlutasamtaka sveitarfélaga við atvinnu og nýsköpunarráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og mennta og menningarmálaráðuneyti. Veittur er frestur til 27. nóvember til að skila umsögnum, boðað er síðan til samráðsfundar framangreindra aðila auk atvinnuþróunarfélaga þann 5. desember n.k., fundurinn verður haldinn í Reykjavík.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að umsögn sem hann og starfsmenn FV hafa unnið og einnig var leitað álits framkvæmdastjóra Atvest.

Rætt um efni umsagnar og stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að skila umsögn á grunni framlagðra gagna og umræðu stjórnar.

- b. Drög að úthlutunarreglum styrkja þróunarsjóðs/uppbyggingarsjóðs landshlutans
Kynnt efni tölvupóst frá verkefnastjóra stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál, frá 26. nóvember s.l.. Hér eru lögð fram drög að reglum fyrir úthlutunarsjóð, en sjóðurinn er einn hluti af samningi um sóknaráætlanir landshluta 2015-2019. Einnig kynntur viðauki við sama samning, „yfirlýsing um ábyrgð stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál“.
Frestur til að skila inn umsögn hefur ekki verið ákveðin en hann verður ákveðin í framhaldi af samráðsfundi þann 5. desember n.k..

3. Önnur mál
Ekki komu fram önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 9.30.